

# Fréttabréf Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands

1. tbl. 2. árg. febrúar 2000



## Atli og Halldóra Vanda þjálfarar ársins 1999

Á aðalfundi KþÍ 28. nóvember voru Atli Eðvaldsson fyrrum þjálfari KR, og núverandi landsliðsþjálfari og Halldóra Vanda Sigurgeirsdóttir fyrrum þjálfari KR, útnefnd þjálfarar ársins í efstu deild karla og kvenna fyrir árið 1999. Bæði stýrðu þau liðum sínum til sigurs, bæði í deild og bikar s.l. sumar og því vel að titlunum komin bæði tvö.

Atli byrjaði sinn sinn feril sem meistaraflökspjálfi hjá HK, síðan lá leiðin til Eyja, þar sem hann var í tvö ár, þaðan til Fylkis í eitt ár og loks til KR, sem hann gerði að Íslandsmeisturum í sumar eftir alltof langa bið, að margra mati. Frá 1996 þjálfaði Atli 21 árs landslið karla. Nú í haust tók Atli síðan við íslenska landsliðinu af Guðjóni Þórðarsyni sem farinn er til Stoke City.

Halldóra Vanda hefur þjálfað lengi, bæði hjá ÍA og Breiðabliki, þaðan lá leið hennar til KSÍ, en hún þjálfaði kvennalandsliðið og 20 ára landslið kvenna í tvö ár. Þá tók hún við liði KR og gerði þær eins og áður sagði að Íslands- og Bikarmeisturum í fyrsta sinn í sögu KR. Lið sem hún hefur þjálfað hefur enn ekki tapað leik í deildarkeppni og er það einstæður árangur. Halldóra Vanda er vel menntaður þjálfari, útskrifaðist af E stigi KSÍ í september s.l. en hefur ákveðið að taka sér frí frá þjálfun næsta árið a.m.k. vegna búferlaflutninga. Þetta er í annað skiptið sem hún hlýtur þennan titil.

Óskum við þeim báðum til hamingju með sæmdarheitin og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vígstöðvum.

## Formannspistill

Ágætu félagar !

Nýtt ár! Nýtt árpúsund! Nýtt fréttabréf!

Við byrjum nýtt ár í knattspyrnunni á einum snjópungsta vetri í mörg ár á SV-horninu. Það er því ánægjuefni að nýtt knattspyrnuhús hefur verið tekið í notkun í Reykjaneshöfnum. Einnig hefur verið tilkynnt að eitt slíkt hús verði tilbúið til notkunar í Reykjavík haustið 2001 og margir aðrir að kanna möguleika á byggingu slíkra húsa. Ég er sannfærður um að fleiri slík knattspyrnuhús munu rísa hér á landi í kjölfarið á Reykjaneshöllinni og verða þannig knattspyrnunni hér á landi til framdráttar.

Ársþing Knattspyrnusambands Íslands var haldið 12. og 13. febrúar s.l. og var það gott, en tiltölulega röleggt þing.

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands (K.þ.Í.) verður 30 ára á þessu ári. Við náðum því markmiði okkar, að rúmlega 200 félagar myndu borga árgjaldið fyrir árið 1999, áður en við sendum greiðsluseðil fyrir árið 2000 út. Það tel ég vera mjög góðan árangur og er það nú megin markmið okkar að ná enn betri árangri í fjármálum okkar undir öruggri stjórn okkar röggsama gjaldkera Ómars Jóhannssonar. Í tilefni af 30 ára afmæli félagsins í ár ætluðum við að hafa veglega dagskrá, bæði í vor, og í haust í tengslum við bikarúrslitaleik karla. Nánar verður sagt frá því síðar í fréttabréfi KþÍ.

Mikið er af efni í þessu fréttabréfi þannig að ég ætla að stöðva innsláttinn núna og látum nú verkin tala. Við þreymumst ekki á því að breyta og bæta okkar starf og hvetjum við ykkur að sjálfsgöðu áfram til þess að koma ykkar hugmyndum á framfæri við okkur, til að hægt sé að gera félagið okkar þannig að við getum öll verið stolt af því að vera félagar í KþÍ.

Með von um gott samstarf.

Sigurður Þórir Þorsteinsson  
formaður KþÍ.





## Stjórn KPI

### FORMAÐUR

Sigurður Þórir Þorsteinsson  
Hs: 567 8028  
GSM: 861 9401  
sigggjoss@hotmail.com

### VARAFORMAÐUR

Bjarni Jóhannsson  
Hs: 566 8566  
GSM: 896 8566  
bjarni.j@centrum.is

### RITARI

Elísabet Gunnarsdóttir  
Hs: 557 3781  
GSM: 899 1276  
voff@simnet.is

### GJALDKERI

Ómar Jóhannsson  
Hs: 565 2761  
GSM: 897 3438  
omar.johannsson@isbank.is

### SPJALDSKRÁRRI TARI

Magnús Pálsson  
Hs: 565 0574  
GSM: 897 4157  
magnusp@islandia.is

### VARASTJÓRN

Jóhann Gunnarsson  
Hs: 587-2403  
GSM: 899-1971  
johanng@penninn.is

Njáll Eiðsson  
Hs: 552-7131  
GSM: 862-5616  
sigrunv@ttn.is

### HEIMASÍÐA OG NETFANG

www.toto.is/felog/kthi/  
kthi@isl.is

### AÐRAR UPPLÝSINGAR

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands  
Stofnað 1970  
Kt: 501279-0139

# Skýrsla stjórnar KPI 1999

Sunnudaginn 31. janúar s.l. var kosin ný stjórn í Knattspyrnuþjálfarafélagi Íslands. Sigurður Þórir Þorsteinsson var kosinn formaður og á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti hún með sér verkum. Bjarni Jóhannsson, varaformaður, Helena Ólafsdóttir, ritari, Ómar Jóhannsson, gjaldkeri og Magnús Pálsson, spjaldskráritari, í varastjórn voru Elísabet Gunnarsdóttir og Þorlákur Már Árnason.

Starfstími þessarar stjórnar hefur því verið 10 mánuðir. Á þessum 10 mánuðum voru haldnir 10 stjórnarfundir, þ.e. að jafnaði einn fundur í mánuði. Settum við okkur það markmið að fundartíminn væri jafn lengi og einn knattspyrnuleikur, þ.e. 90 mínútur. Það verður að segjast alveg eins og er að ég og við í stjórninni erum mjög stolt af árangrinum þessa 10 mánuði. Félagið opnaði heimasíðu, merki félagsins var ákveðið, fjögur fréttabréf voru gefin út, matarfundur var haldinn á Naustinu í maí og síðast en ekki síst var haldin ráðstefna í tengslum við bikarúslitaleik karla í lok september í samvinnu við K.S.Í. og K.H.Í. Að sjálfsögðu voru haldnir margir fundir þar sem hluti af stjórn kom saman til að undirbúa þessa viðburði.

Fjárhagur félagsins batnaði mikið en 186 þjálfarar greiddu árgjaldið miðað við tæplega 90 á síðasta starfsári. Eins og menn vita fengu þeir þjálfarar sem greiddu árgjaldið fyrir ákveðinn tíma bol með merki félagsins frá Tóbaksvarnarnefnd. Við settum okkur einmitt það markmið að fá 200 féлага til að greiða og tókst það næstum því. Styrktaraðilum fjölgaði líka, samstarfssamningur komst á við ferðaskrifstofuna Úrval -Útsýn í formi þess að fyrirtækið lætur félagið fá fjóra flugmiða til Evrópu. Í október fóru Sigurður Þórir og Ómar Jóhannsson á ráðstefnu evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins sem haldin var á Wembley í London. Magnús Pálsson fór á ráðstefnu enska knattspyrnuþjálfarafélagsins. Auglýstur var styrkur fyrir alla þjálfara til að sækja námskeið erlendis, en einungis fimm sóttu um og kom nafn Ólafs Þórðarsonar frá Akranesi upp úr hattinum. Íslenskar getraunir styrkja félagið í formi þess að þeir borga pósthúðargjöldin í fréttabréfunum. MEBA í Kringlunni styrkir félagið með bikurum og áletrunum fyrir þjálfara ársins. Fyrirtækin auglýsa á heimasíðu félagsins og í fréttabréfum. Alltaf má gera betur og á það að vera hlutverk næstu stjórnar að komast réttu megin við strikið í fjármálum, þó nú þegar hafi mjög góður árangur náðst.

Margir þjálfarar hafa verið á faraldsfæti í haust og það er mjög mikilvægt að við komum öll efninu frá okkur og biðjum við þjálfara um að koma upplýsingum um ferðir sínar til Ómars þaning að hægt verði að koma því á heimasíðuna okkar. Einnig hefur komið upp sú hugmynd að koma á sérstöku þjálfarakvöldi þar sem menn skiptast á upplýsingum. Samskipti þeirra aðila sem vinna að framþróun knattspyrnunnar hafa batnað mjög mikið, þ.e. við K.S.Í og K.H.Í. og er nauðsynlegt að halda því áfram. Starfsumhverfi þjálfara er að breytast töluvert mikið. Knattspyrnuhöll hefur risið á Suðurnesjum og ein slík á að rísa í Gravarvogji næsta vetur. Þetta verður algjör bylting fyrir íslenska knattspyrnu og verður nú hægt að halda mót yfir vetrarmánuðina líkt og Norðmenn gera.

Íslenskir fjárfestar keyptu eitt stykki knattspyrnulið í 2. deildinni í Englandi og réðu Guðjón Þórðarson sem fyrsta íslenska knattspyrnustjórnann í Englandi. Þetta sýnir að ýmislegt er hægt og þess verður ef til vill ekki langt að biða að einhverjir kaupi lið á Íslandi en eins og við vitum er þeim liðum að fjölga þar sem stofnað hefur verið rekstrar og/eða hlutafélag. Eins og við höfum áður talað um er mjög mikilvægt að þjálfarar sýni samstöðu í verki. Þegar þjálfari er ráðinn til félags eiga þeir að ganga úr skugga um að búið sé að ganga frá öllum málum við fyrrverandi þjálfara.

Helena Ólafsdóttir ritari og Þorlákur Már Árnason, sem sæti á í varastjórn gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Þökkum við þeim hér með fyrir þeirra störf. Mig langar til að nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum fyrir frábært starf á þessu starfsári og vonandi verður það áfram farsælt. Bjarni Jóhannsson er sá eini sem eftir er úr svokallaðri viðreisnarstjórn og hefur því verið í stjórn í 6 ár og er því með gífurlega reynslu. Hafnirðingarnir Ómar Jóhannsson og Magnús Pálsson ásamt Elísabetu Gunnarsdóttur komu ný inn og koma með gífurlega ferska vinda inn í stjórnina. Sérstakar þakkir vil ég færa Ómari fyrir frábæran árangur sem gjaldkeri.

Að lokum hvet ég alla þjálfara til að bera áfram virðinu fyrir félaginu sínu og hvet ykkur til að láta vita ef það er eitthvað sem þið teljið að geti bætt félagið. Einnig má líka láta vita ef menn eru ánægðir með störfin.

Sigurður Þórir Þorsteinsson,  
formaður KPI.

reyklaus.is

## Fréttir . . .

### Félagsgjaldið hækkar

Á aðalfundi KþÍ 28. nóvember var ákveðið að hækka félagsgjaldið í 2.500 krónur. Rökkin fyrir hækkuninni eru m.a. þau að KþÍ hefur tekið í notkun heimasíðu, sem meiningin er að gera enn betri fyrir félagsmenn, m.a. með upplýsingum um hvern og einn félagsmann, fréttabréf eru nú send út fjórum sinnum á ári og fjárhagsstaðan hefur ekki verið nógu góð og nauðsynlegt að koma fjármálunum í betra horf, þannig að nýta megi fjármagnið betur t.d. með því að bjóða hingað þjálfurum til ráðstefnuhalds, en fjármagnskostnaður á síðasta ári hefði nægt til að borga hingað tvo fyrirlesara.

### Guðni og Birkir endurskoðendur

Guðni Kjartansson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ, voru á aðalfundi KþÍ kosnir endurskoðendur KþÍ til eins árs.

### Tveir nýir í stjórn

Á aðalfundi KþÍ 28. nóvember komu Njáll Eirsson og Jóhann Gunnarsson inn í vara-stjórn KþÍ, en Helena Ólafsdóttir og Þorlákur Már Arnason gáfu ekki kost á sér til endurkjörs. Helena var ritari KþÍ og í hennar stað kom Elísabet Gunnarsdóttir úr varastjórn í ritarastarfið. Væntum við mikils af nýjum mönnum og þökkum þeim sem frá víkja samstarfið.

### Viðurkenningar

Á aðalfundi KþÍ 28. nóvember voru Magnúsi Einarssyni og Birni Bjartmarz veittar viðurkenningar fyrir gott starf við þjálfun yngri flokka. Magnús hóf sinn þjálfaraferil hjá ÍR, flutti sig síðan til Fram og þaðan lá leiðin til Leiknis, þar sem hann starfar enn. Magnús hefur lokið E stígs þjálfaramenntun KSÍ. Björn hefur allan sinn feril þjálfað hjá Víkingi í Reykjavík og hefur lokið D stigi KSÍ.

### Nýr liður á heimasíðunni

Nýr liður hefur nú bæst við á heimasíðunni, þjálfarinn. Þar mun mánaðarlega einhver knattspyrnuþjálfari segja okkur lítilega frá sjálfum sér og sýna okkur nokkrar af sínum uppáhalds æfingum. Fyrstur er Leifur S. Garðarsson, yfirþjálfari yngri flokka KR.

### Fræðslustjóri KSÍ í hlutastarfi

Guðni Kjartansson, knattspyrnumaðurinn góðkunnur úr Keflavík hér á árum áður, er tekin við starfi Fræðslustjóra KSÍ í hlutastarfi, af Frimanni Ara Ferdinandsyni. KþÍ vonar að samstarfið við Fræðslunefnd KSÍ haldist á þeim góðu nótum sem verið hefur undanfarið.

## Geisladiskur frá Bayern Munchen

Nýlega var gefin út geisladiskur með æfingum frá unglingsliðum FC Bayern Munchen í Þýskalandi af fyrirtækinu SAM Sports System Inc. í Kanada. Á ráðstefnu UeffT í haust, var geisladiskur þessi kynntur og vakti mikla athygli. Geisladiskurinn er mjög skemmtilegur og sýnir vel hvað hægt er að gera varðandi hin ýmsu atriði er upp kunna að koma í knattspyrnuleik og skýra út fyrir leikmönnum. Á honum er hægt að skoða æfingarnar á töflu formi, skoða vídeómyndir af því sem sýnt var, hægt er að skoða æfingarnar frá hinum ýmsu sjónarhornum og prenta allt út á pappír. Geisladiskurinn er kostagripur fyrir alla þjálfara og örugglega það sem koma skal varðandi knattspyrnuþjálfun í framtíðinni. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðunni: www.samsport.com og þar er einnig hægt panta geisladiskinn.



## Takmarkinu náð, 200 félagar

Þegar ný stjórn KþÍ tók við 1999, setti hún sér það markmið að fjölga félagsmönnum úr rúmlega áttatíu frá 1998, í tvö hundruð félagar 1999. Þessu markmið stjórnarinnar hefur nú verið náð og hafa nú tvö hundruð og einn félagsmaður greitt árgjaldið fyrir 1999, og vonumst við í stjórn KþÍ svo sannarlega eftir því að þeir komi áfram til með að greiða árgjaldið hjá KþÍ, en greiðsluseðlar vegna árgjaldsins fyrir árið 2000 verða sendir í byrjun apríl, með 2. tbl. fréttabréfs KþÍ. Stjórn KþÍ hefur ákveðið að hafa matarfund í byrjun maí, líkt og var á Naustinu í fyrra, og einnig að í

kringum úrlitaleikinn í Coca Cola bikarkeppni KSÍ verði ráðstefna með góðum fyrirlesurum um áhugaverð efni fyrir knattspyrnuþjálfara. Þegar er byrjað að vinna í því að fá einhvern góðan fyrirlesara til að koma þá, en ekki hægt að segja hver það verður að svo stöddu. Fjögur fréttabréf verða gefin út á árinu. Einnig stendur til að koma á betra félagatali með meiri upplýsingum um hvern og einn þjálfara á heimasíðu KþÍ, þar sem þjálfaraferill og menntun kæmi fram, en við í stjórn KþÍ vitum nú þegar um nokkur félög sem nýtt hafa sér félagatalið við ráðningu á þjálfurum.

## Danskt knattspyrnuþjálfarablað



KþÍ hefur gert samning við Danska knattspyrnuþjálfarafélagið um að veita félagsmönnum KþÍ áskrift að félagsblaði þeirra gegn vægu gjaldi. Einungis þeir sem greitt hafa árgjald til KþÍ geta gerst áskrifendur að danska blaðinu, í gegnum KþÍ, og kostar eins árs áskrift 1.900 krónur, og þarf að greiða eitt ár fyrirfram. Á hverju ári komu út sjö blöð og verða þau send beint heim til þeirra sem óska eftir að gerast áskrifendur. Danska blaðið er oftast um 40 síður og er mjög vandað að efni. Þeir félagsmenn KþÍ sem óska eftir að gerast áskrifendur að danska blaðinu þurfa að tilkynna það til einhvers stjórnarmanna KþÍ, sjá stjórnarmenn annars staðar í blaðinu, eða með því að fara inn á heimasíðu KþÍ á netinu og senda póst þaðan á félagið. Áskriftina verður að greiða með greiðsluseðlinum sem sendur verður í byrjun apríl, vegna árgjaldsins fyrir árið 2000. Einungis þeir sem óska hafa eftir áskrift af blaðinu til stjórnar KþÍ fyrir lok mars munu fá greiðsluseðil vegna blaðsins og verður ekki hægt að ákveða áskrift, í gegnum KþÍ, eftir að greiðsluseðlarnir verða sendir út. Því eru þeir sem óska eftir áskrift hvattir til að tilkynna það fljótlega.



<http://www.toto.is/felog/kthi/>